

## Fundargerð

### 256. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 18. september 2018 kl. 12<sup>15</sup> – 13<sup>40</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjarverandi)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Guðfinnur Johnsen (GJ)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Lúðvík Gústafsson (LG) (fjarverandi)  
Hrefna B. Jónsdóttir (HBJ) vm LG

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Hringrásarpakkinn (CEP)
- (3) Stjórnarfundir
- (4) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (255. fundar).

*Samþykkt*

#### 2. Hringrásarpakkinn (Circular Economy Package)

Lögð voru fram á fundinum drög Umhverfisstofnunar að upplýsingablöðum fyrir fjórar nýjar tilskipanir ESB sem breyta sex eldri tilskipunum, þ.e. urðunartilskipun, rammatilskipun, umbúðatilskipun, tilskipun um úr sér gengin ökutæki, tilskipun um rafhlöður og rafgeyma og WEEE-tilskipun. Þessar nýju tilskipanir eru hluti af svokölluðum hringrásarhagkerfispakka ESB.

Hlekkur á hringrásarpakkann (CEP) í Stjórnartíðindum ESB: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=OJ:L:2018:150:TOC>

ÓK fór yfir nokkur atriði sem fram koma á þessum upplýsingablöðum er snúa að Úrvinnslusjóði. ÓK fór sérstaklega yfir kröfur er varða framlengda framleiðendaábyrgð (EPR). Stjórnarmenn ræddu stöðuna gangavart ÚS.

#### 3. Stjórnarfundir

Lögð var fram á fundinum tillaga að stjórnarfundum haustsins.

*Samþykkt*

#### 4. Önnur mál

*Ólafur*  
*BS*  
*HBJ*

ÓK fór yfir stöðu mála er varðar uppgjör á rekstri Úrvinnslusjóðs m.t.t. laga um opinber fjármál (LOF). ÓK upplýsti að bókun stjórnar á síðast fundi um ársreikning sjóðsins var send til uppgjörseildar Fjársýslu ríkisins. Ráðgerðum fundi með UAR um málið var frestað, þar sem UAR ætlar að kynna sér frekar afstöðu FJR til málsins. GGP minnti á að ekki væri kominn fram uppsettur reikningur fyrir árið 2017 sem jafnframt er sýndur á ársfundi Úrvinnslusjóðs. Erfitt er að fastsetja dagssetningu fyrir ársfund vegna þessa.

Sagt var frá fundi um veiðarfæri. GJ, GS og ÓK funduðu með Heiðrúnu Lind Marteinsdóttur um endurskoðun á veiðarfærasamningi. Stefnt verður að því að ljúka stöðumati og endurskoðun á þessu ári.

ÓK sagði frá norskri skýrslu um framleiðendaábyrgð í fiskveiðum og fiskeldi. Víða er vísað í ýmis gögn í tengslum við samning Úrvinnslusjóðs og SFS í skýrslunni. Hér er slóð á skýrslu <http://www.miljodirektoratet.no/no/Publikasjoner/2018/Mai-2018/Underlag-for-a-utredning-producent-ansvarsordning-for-fiskeri--og-akvakulturnaringen/>

ÓK fór yfir að WEEEforum heldur fund á Íslandi í þann 21. september n.k..

Halda skal alþjóðlegt átak um endurvinnslu raftækja – laugardaginn 13.10.2018. ÓK sagði frá því að haldinn var kynningarfundur um fyrirhugaða þátttöku lögaðila í alþjóðlegum WEEEdegi í október. Töluverður áhugi var á þátttöku. Lagður var fram á fundinum listi yfir fyrirtæki sem hafa tilkynnt þátttöku og viðburði sem þau ætla að standa að. Stjórnarmenn ræddu væntanlega dagskrá.

Næsti fundur ákveðinn 2. október 2018.  
Fundi slitið kl. 13.40

